






Gunnar og féheimtan af Hrúti 18-25 kafli

HELSTU SÖGUPERSÓNUR:

				
Gunnar	Njáll	Mörður	Unnur	Mörður gígja
Bardagakappi	Vitur, skegglaus	Sonur Unnar, vondur maðurinn í sögunni	Fyrirverandi kona Höskuldar, eyðslusöm	Góður í lögum

ÞAÐ SEM GERIST:

Mörður gígja deyr og Unnur fær peninga hans. Hún eyðir öllu. Hún vill þá fá heimanmundinn til baka. Hún biður Gunnar á Hlíðarenda að fá Hrút til að borga og segir honum að Njáll vinur hans geti gefið honum góð ráð.

Gunnar spyr Njál um ráðleggingar. Ráðleggingar Njál er nokkuð langar en ganga út á það að Gunnar á að dulbúa sig sem Kaupa-Héðinn og látast vera kaupmaður. Hann að látast vera mjög skapstór og lenda oft rifrildum eða átökum og á að þykjast vita allt betur en aðrir. Það mun fara þannig að Hrútur bjóði honum heim til sín. Þar á Kaupa-Héðinn að ræða mál Unnar og Hrúts og spyrja hvernig eigi að stefna málinu (=hvað á að segja þannig að það sé lagalega rétt til málið verði tekið upp á Alþingi). Þegar Hrútur fer með stefnuna á Kaupa-Héðinn að endurtaka það vitlaust. Hrútur fer þá aftur með stefnuna og Kaupa-Héðinn hefur hana rétt eftir. Þá á Kaupa-Héðinn að spyrja hvort það sé rétt. Hrútur mun þá segja að það sé rétt stefna. (Allt þetta vesen er til að fá Hrút til að viðurkenna að stefnan sé rétt fyrir framan vitni án þess að Hrútur viti að það sé raunverulega verið að stefna honum)

Gunnar gerir þetta allt.

Á næsta Alþingi er málið tekið fyrir. Málið stefnir í lagaflækur en Gunnar skorar Hrút á hólmen Höskuldur ráðleggur Hrúti borga frekar og hann gerir það.

Gunnar lætur Unni fá peninganna. Hún giftist (Valgarði grá) og eignast son, Mörð sem verður aðalóvinur Gunnars og Njál.

AF HVERJU SKIPTIR ÞESSI SAGA MÁLI:

- 1) Þessi saga útskýrir tengsl Gunnars og Njál og tengsl þeirra við Mörð Valgarðsson

Gunnar og féheimtan af Hrúti 18-25 kafli

PERSÓNULÝSINGAR ÚR KAFLANUM:



„. Hann var mikill maður vexti og sterkur og allra manna best vígur. Hann hjó báðum höndum og skaut ef hann vildi og hann vó svo skjótt með sverði að þrjú þóttu á lofti að sjá. Hann skaut manna best af boga og hæfði allt það er hann skaut til. Hann hljóp meir en hæð sína með öllum herklæðum og eigi skemmra aftur en fram fyrir sig. Hann var syndur sem selur. Og eigi var sá leikur að nokkur þyrfti við hann að keppa og hefir svo verið sagt að engi væri hans jafningi. Hann var vænn að yfirliti og ljóslitaður, rétt nefið og hafið upp í framanvert, bláeygur og snareygur og rjóður í kinnnum, hárið mikið, gult, og fór vel. Manna var hann kurteisastur, harðger í öllu, ráðhollur og góðgjarn, mildur og stilltur vel, vinfastur og vinavandur. Hann var vel auðigur að fé.“

Kolskeggur bróðir Gunnars „Hann var mikill maður og sterkur, drengur góður og öruggur í öllu..“



„Njáll var vel auðigur að fé og vænn maður yfirlits en sá hlutur var á ráði hans að honum óx eigi skegg. Hann var lögmaður svo mikill að engi var hans jafningi, vitur og forspár, heilráður og góðgjarn og varð allt að ráði það er hann réð mönnum, hógvær og drenglyndur, langsýnn og langminnigur. Hann leysti hvers manns vandræði er á hans fund kom..“



Bergþóra kona Njáls „kvenskörungur mikill og drengur góður og nokkuð skaphörð“



„Hann var slægur í skapferðum og illgjarn í ráðum“

Synir Njáls:

„Skarphéðinn hét hinn elsti. Hann var mikill maður vexti og styrkur, vígur vel, syndur sem selur, manna fóthvatastur, skjótráður og öruggur, gagnorður og skjótorður en þó löngum vel stilltur. Hann var jarpur á hár og sveipur í hárinu, eygður vel, fülleitur og skarpleitur, liður á nefi og lá hátt tanngarðurinn, munnljótur nokkuð og þó manna hermannlegastur.“

„Grímur hét annar sonur Njáls. Hann var svartur á hár og þó fríðari sýnum en Skarphéðinn og var bæði mikill og sterkur.“

„Helgi hét hinn þriðji sonur Njáls. Hann var fríður maður sýnum og hærður vel. Hann var sterkur maður og vel vígur. Hann var vitur maður og stilltur vel.“

„Höskuldur hét hinn fjórði sonur Njáls. Hann var laungetinn. Móðir hans hét Hróðný og var Höskuldsdóttir, systir Ingjalds frá Keldum.“